



7. apríl 2017

Tilvísun: 2017010321

Efni: Skýrslugjöf um viðskipti með fjármálagerninga – TRS II tekur við af TRS I

Fjármálaeftirlitið mun taka í notkun nýtt kerfi um áramótin 2017-2018 til að taka á móti tilkynningum um viðskipti með fjármálagerninga, svokallað TRS II kerfi. TRS II kerfið verður tekið í notkun 3. janúar 2018 og er kerfið hluti af innleiðingu nýs regluverks á verðbréfamarkaði, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/65/ESB og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 600/2014/ESB, hér eftir MiFID II og MiFIR. Samhliða verður núverandi TRS kerfi, sem komið var á fót með innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2004/39/EB (MiFID I), lagt niður. Framangreind ráðstöfun Fjármálaeftirlitsins krefst þess að íslenskir lögaðilar, sem ber að tilkynna viðskipti í núverandi TRS kerfi, munu þurfa að aðlaga sín kerfi og verkferla svo að umræddar tilkynningar berist eftirlitinu í samræmi við kröfur nýs kerfis.

Fjármálafyrirtæki sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem MiFID II og MiFIR verða innleiddar í lög, þurfa að skila skýrslum með tilkynningum um viðskipti með fjármálagerninga samkvæmt 26. gr. MiFIR frá og með 3. janúar 2018. Fjármálaeftirlit á Evrópska efnahagssvæðinu munu á sama tíma taka í notkun ný eða breytt tölvukerfi til að taka á móti og miðla umræddum tilkynningum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (European Securities and Markets Authority, ESMA) rekur sérstakt kerfi sem sér um að miðla tilkynningum milli eftirlita á Evrópska efnahagssvæðinu þegar við á. Áætlað er að opið verði fyrir skil á leiðréttingafærslum í eldra TRS kerfi í að hámarki einn mánuð eftir innleiðingu TRS II.

ESMA mun taka í notkun breytt kerfi sem heldur utan um fjárhagsleg viðmiðunargögn sem eru stoðgögn í TRS kerfunum, svokallað FIRDS kerfi (Financial Instrument Reference Data System). FIRDS kerfið miðlar upplýsingum um skráða fjármálagerninga, viðskiptavettvanga, lönd, myntir, tegundir fjármálagerninga og LEI kóða til lögbærra eftirlita og gagnaskilaaðila. Gagnaskilaaðili getur verið skilaskyldur lögaðili, viðskiptavettvangur (e. trading venue) eða viðurkennt skýrslugjafarkerfi (e. Approved Reporting Mechanism). Þar af leiðandi reynist það nauðsynlegt fyrir Fjármálaeftirlitið að innleiða framangreindar breytingar 3. janúar 2018.

TRS II kerfi Fjármálaeftirlitsins verður þróað sem eining í skýrsluskilakerfi Fjármálaeftirlitsins. Gagnaskilaaðilar þurfa að skila skýrslum með tilkynningum um viðskipti á XML formi samkvæmt ISO20022 staðli. Fjöldi reita í tilkynningum samkvæmt MiFIR verður 65 í stað 23 áður. Skilgreiningar um útfyllingu tilkynninga er að finna í reglugerð Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2017/590, sem var birt hinn 31. mars 2017 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (Official Journal of the European Union).

Skýrslur sem verður skilað í TRS II kerfið verða prófaðar með tilliti til forms og innihalds. Skýrslum sem ekki standast skemapróf (formkröfur) er hafnað. Skýrslur sem standast skemapróf fara í gegnum innihaldspróf (e. validation rules) þar sem einstökum tilkynningum



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

verður hafnað ef þær standast ekki prófið. Upplýsingar varðandi innihald tilkynninga og villuprófanir er að finna í skjali sem ESMA hefur gefið út og er aðgengilegt á vefsíðu ESMA.¹

Fjármálaeftirlitið vekur sérstaka athygli á breytingum á auðkennum aðila í tilkynningum um viðskipti með fjármálagerninga samkvæmt MiFIR. Þannig munu fjármálafyrirtæki, einstaklingar og lögaðilar verða auðkenndir með eftirfarandi hætti, sbr. viðauka II í reglugerð Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 2017/590:

- Fjármálafyrirtæki og aðrir lögaðilar verða auðkenndir með 20 stafa Legal Entity Identifier eða LEI kóða sem er alþjóðlegt auðkenni fyrirtækja gefið út af Global Legal Entity Identifier Foundation
- Einstaklingar verða auðkenndir með mismunandi hætti eftir ríkisfangi sbr. skilgreiningar í reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar nr. 2017/590, en fyrstu tveir stafir auðkennis eru þó alltaf tveggja stafa landakóði ríkisfangs viðkomandi einstaklings
- Íslenskir ríkisborgarar verða auðkenndir með texta sem samanstendur af tveggja stafa landakóða (IS) og kennitölu

Áætluð prófunartímabil:

Júní – september	Prófanir samskipta og skemaprófanir
September – desember	Prófanir með fjárhagslegum viðmiðunargögnum (e. financial reference data)
3.1.2018	TRS II kerfið tekið í notkun

Fjármálaeftirlitið bendir á að frekari nytsamlegar upplýsingar og tengla má finna á heimasíðu eftirlitsins, www.fme.is/thjonustugatt/rafraen-skil/trs-ii/. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið tekið í notkun netfang vegna fyrirspurna um MiFID II og MiFIR, mifid2@fme.is.

Fjármálaeftirlitið mun boða til fundar í lok maí til að kynna TRS II kerfið og helstu breytingar sem munu verða á skýrsluskilum vegna innleiðingar á MiFID II og MiFIR.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Páll Friðriksson


Fjóla Sigurðardóttir

¹ <https://www.esma.europa.eu/document/annex-ii-data-validation-rules-transaction-reporting>